

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um kostnað ráðuneytisins og undirstofnana vegna kaupa og notkunar á Microsoft-hugbúnaði.

Frá Álfheiði Eymarsdóttur.

Hversu miklum fjármunum hefur verið ráðstafað árlega undanfarin fimm ár í leyfisgjöld til Microsoft vegna nota af hugbúnaði og stýrikerfum í ráðuneytinu og undirstofnunum sem heyra undir ráðherra? Svar óskast sundurliðað fyrir ráðuneytið og hverja undirstofnun og jafnframt eftir leyfum vegna Windows-stýrikerfa, leyfum vegna Microsoft Office-hugbúnaðarsvítu og leyfum vegna annars hugbúnaðar frá Microsoft.

Skriflegt svar óskast.